

# 20ris

## Day & Night



Björk ásamt  
Jóku í  
Skaparanum  
og Steve í  
Marillion




# Björk syngur í líómmynd

Litla söngkonan okkar, sem við erum öll svo stolt af, er á leiðinni til Los Angeles til að semja við leikstjóran John Hughes. Hann vill fá hana til að semja og syngja titillagið í nýjstu mynd sinni, en Hughes hefur meðal annars gert Home Alone og Pretty in Pink. Björk gerir kröfur um að fá vissa hljómlistarmenn til að vinna með sér. Ef Hughes gengur að kröfum Bjarkar verður af þessu, - annars ekki.

### Brúðkaup mánaðarins

Gefin voru saman í  
Kristskirkju síðastliðinn  
laugardag þau



Viktor Urbancic  
&  
Gunnhildur Úlfarsdóttir.  
Þau tóku á móti gestum í  
Ingólfscafé og héldu þar  
mjög fallega og listræna  
brúðkaupsveislu.



Þeir voru ekki háir í loftinu,  
kókkarnir sem báru fram  
brúðkaupstertuna.



Gunnhildur ásamt  
vinkonum sínum, Jónu og  
Sigrúnu í Módel '79.



**ANNARS VEGAR HINS VEGAR**  
Auglýsingaprinsinn Philippe Cazal

Ólafur Ragnar, er ær-  
kjötssamningurinn  
árangurinn af Mexíkó-  
ferð þinni um árið?



„Nei. Hins vegar kom  
hingað fyrir tveimur  
mánuðum síður sendi-  
nefnd frá sjávarútvegs-  
ráðuneyti Mexíkó og  
síðan hefur verið unnið í  
því máli. Það er ekki  
verra að gera út á bæði  
rollur og fisk.“

Ákveðið hefur verið að selja  
1000 tonn af ærkjöti til Mex-  
íkó. Ólafur Ragnar Grimsson  
fór á sínum tíma til Mexíkó til  
viðræðna við þarlanda ráða-  
menn.



Claudine Kessler og Jean-Claude Lerouzie frá Boucheron í  
Paris, Guðrún Ingólfsdóttir í Clöru, afmælisbarnið Þórarinn  
Stefánsson og frú Una Dóra og Úlfur Teitsson í Clöru.



### HEIMSFUMSYNING Á ÍSLANDI

Í tilefni af tíu ára afmæli Heildverslunar Th. Stefánssonar

hélt fyrirtækið hundrað manna  
kvöldverðarboði á Hótel Sögu. Þar var kynntur í fyrsta sinn  
utan Frakklands nýi karlmansilmurinn frá Boucheron.  
Stórglæsilegir gestir, hljómsveitin Þau tvö (Stefán og Hildur)  
ásamt starfsfólki Hótel Sögu gerði kvöldið mjög sérstakt




Drottningarnar í Moulin Rouge



### NÁLÆGÐIN HANS BIRGIS ANDRÉSSONAR

Fyrst kom ég í flugmynd en svo kom ég aftur. Vönduð og góð sýning á Kjarvalsstöðum.



Birgir ásamt syni sínum, Arnaldi Frey.

### LÍTILRÆÐI

## af dvergakasti

Íslendingar hafa í aldanna  
rás verið afar elskir að íþrótt-  
um og hefur þá löngum þótt  
meira um vert að „taka þátt  
í drengilegum leik“ en að  
bera sigur úr þýtum.

Þjóðaríþróttir lands-  
manna voru lengstaf afl-  
raunir, fangbrögð, knattleik-  
ir og kastfimi en þess er  
hvergi getið mér vitanlega,  
fyrir en í seinni tíð, að fjár-  
hagsörðugleikar gætu komið  
í veg fyrir að hin þrek-  
djarfa kynslóð harðgerra og  
hygginna manna sneri sér  
snúðugt að nágrannaþjóð-  
unum og keikti þær í knjám.

Að sitja heima vegna  
skorts á farareyri þegar blás-  
ið var til knattleiks fyrir haf  
sunnan hefði þótt smán á  
við það að deyja inni á  
pallstrám og samdi raunar  
fremur kúm en köppum.

Nú er hinsvegar þannig  
komið að knattleikurinn er á  
hjelprömminni en gjaldþrot  
blasir við Handknattleiks-

sambandinu og fleiri íþrótt-  
samtökum, meðal annarra  
Kraftlyftingasambandinu,  
sem eru samtök beljaka.

Bara allt að fara á hausinn.  
Sumir halda að þetta sé  
vegna þess að íþróttahreyf-  
ingin sé rekin með sérís-  
lenska hagspeki að leiðar-  
ljósi, en aðrir segja að of-  
framboðið á íþróttæfni í fjöl-  
miðlum sé orðið slíkt að  
fólki ofþjóði og missi áhug-  
ann á íþróttum, íþrótt-  
mönnum og afrekum þeirra.

Mennirnir eru nefnilega  
einsog dýrin. Þeir missa lyst-  
ina ef kræsingunum er hald-  
ið of stíft að þeim.

Fræg er sagan af hundun-  
um á Gilsbakka sem ældu ef  
þeir heyrðu minnst á lax.  
Því miður er það þetta  
sem hefur gerst með íþrótt-  
irnar.

Og þegar fólk missir áhug-  
ann þverra tekjurnar af  
íþróttunum og allt fer á hvín-  
andi hausinn.

Þegar upp er staðið fer

„Gjaldþrotið“, þjóðaríþrótt  
íslendinga í dag, með sigur  
af hólmi.

Allir vita að á frjálsíþrótt-  
mótum herlendis eru þátt-  
takendur jafnan miklu fleiri  
en áhorfendur og með þessa  
staðreynd að leiðarljósi  
munu beljakar, sem á dög-  
unum efndu til keppni um  
það hver væri manna sterk-  
astur á Íslandi, hafa ákveðið  
að endurvekja forna, þjóð-  
lega og drengilega íþrótt-  
grein; „dvergakast“, ef það  
gæti orðið til að lada lands-  
menn á mótstað og sigrast  
þannig á gjaldþrotinu.

Dvergavarpur eða Dverga-  
slöngvan er þannig lýst í bók  
Davíðs Péturssonar „Dreng-  
lundardáðir“ sem kom út  
um síðustu aldamót:

„Er slöngva skyldi dverg  
hélt maður öðrum apturfæti  
í hendi sér og veifaði síðan  
dvergnum nokkrum sinnum  
yfir höfði sér með vaxandi  
hraða þannig að hann mark-

aði hring í loptinu og var  
miðdepill hans í hendi  
manns en sjálfur dvergurinn  
geisli hringsins, loks slepti  
maður í því augnabliki er  
dvergurinn var í aptanverðri  
hringbrautinni ofantil; þeytt-  
ist hann þá úti loptið eptir  
fleygbogalínu er var fram-  
hald af viðlínu þess depils.  
hringbrautarinnar er dverg-  
urinn var staddur í þá er  
honum var sleppt.“

Það voru landsmönnum  
sannarlega mikil vonbrigði  
þegar það fréttist að ekkert  
yrði af dvergavarpinu í  
Hljómskálagarðinum um  
síðustu helgi því margur  
hyggur að hægt væri að  
bjarga allri íþróttahreyfing-  
unni frá allsherjargjaldþroti  
með því að endurvekja  
þessa þjóðlegu og drengi-  
legu íþróttgrein.



Flosi Ólafsson